

Olíudreifing ehf
Hólmaslóð 8 - 10
101 Reykjavík


Reykjavík, 8. nóvember 2019
UST201901-214/E.H.
08.06.02


Efni: Eftirlit 2019 - Olíudreifing – Hvalfjörður.

Þann 14. október sl. fór fram eftirlit hjá Olíudreifingu ehf. í Hvalfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar athugasemdir voru gerðar.

Virðingarfyllst


Einar Halldórsson


Ásta Maack

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vesturlands

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing ehf. Hvalfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	14.10.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Einar Halldórsson
Fyrirtæki	Olíudreifing ehf.	Eftirlitsmaður	Ásta Maack
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10, 101 - R	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606962069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	381456,135 435175,315

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit með olíubirgðastöð Olíudreifingar í Hvalfirði. Engin frávik komu fram frá starfsleyfi og engri ábendingu er komið á framfæri til rekstraraðila.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir kröfur í starfsleyfi. Búið er að botnþykktarmæla alla olíugeyma á síðustu þremur árum og allar olíulagnir voru þrýstiprófaðar í september árið 2017. Engin olía hefur verið geymd í stöðinni síðustu 18 mánuði og ekki er komin áætlun um löndun á næstunni.

Kveikt var á gufuhreinsunarbúnaði sem staðfesti að hverfandi magn væri að mælast á stöðinni, kerfið er keyrt einu sinni í mánuði meðan engin olía er á stöðinni. Rekstrarhandbók og mánaðarblöð voru skoðuð. Daglega kemur vaktmaður og skoðar geyma, lagnir og annan búnað í stöðinni. Nettengdur fjareftirlitsbúnaður er með stöðinni til að fylgjast með mannaferðum á svæðinu.


Áhættumat og viðbragðsáætlun eru aðgengileg á svæðinu og endurskoðuð á a.m.k. fjögurra ára fresti líkt og kröfur í starfsleyfi segja til um. Sértek aðgerðaáætlun hefur verið gerð fyrir stærstu stöðvar Olíudreifingar; Hvalfjörð, Örfirisey, Helguvík og Krossanes, en það eru þær stöðvar sem eru með föstum slökkvikerfum. Olíudreifing hefur ISO 14001 vottun fyrir umhverfisstjórnarkerfi og hefur sett sér umhverfismarkmið. Trygging vegna bráðamengunar er tiltækt fyrir allar stöðvar Olíudreifingar.

Endurnýjun katóðuvarna í Miðsandsstöð og á bryggju hefur enn ekki verið kláruð frá síðasta eftirliti og skal stofnunin upplýst um þegar endurnýjun er að fullu lokið.

Farið var í skoðunarferð bæði í Littasands- og Miðsandsstöð og var ekki tilefni til athugasemda.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 07.11.2019


Einar Halldórsson